

Anton Kári Halldórsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ormsvelli 1
860 Hvolsvöllur



Reykjavík, 8. ágúst 2013
Tilvísun: UST20130600027/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003 - 2015, frístundabyggð í landi Moldnúps.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 5. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003 - 2015, í landi Moldnúps. Á Moldnúpi er stunduð ferðapjónusta.


Tillaga að aðalskipulagsbreytingu í landi Moldnúps felst í því að 4,7 ha sem eru skilgreindir sem landbúnaðarsvæði verði svæði fyrir frístundabyggð (F30). Um er að ræða tvær frístundalóðir 1,9 ha og 2,8 ha.


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir á ofangreindum frístundalóðum falli vel að umhverfi sínu. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að vel sé staðið að frárænni frá frístundahúsunum og að skilmálar um það komi fram í deiliskipulagi.

Á ofangreindum svæðum eru ekki svæði á náttúruminjaskrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003 - 2015.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur